

# Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2001-2002



9. þing KLÍ  
19. og 20. apríl 2002

---



## DAGSKRÁ 9. ÞINGS KLÍ

### Föstudaginn 19. apríl og laugardaginn 20. apríl 2002 Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

#### **Föstudaginn kl. 18:00**

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
  - a) Kjörbréfanefnd.
  - b) Fjárhagsnefnd.
  - c) Laga- og leikreglanefnd.
  - d) Allsherjarnefnd.
  - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

#### **ÞINGHLÉ**

#### **Laugardaginn kl. 10:00**

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
- 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

# SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 28. apríl 2001 – 19. apríl 2002

9. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
föstudaginn 19. apríl og laugardaginn 20. apríl 2002

---

## STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Valgeir Guðbjartsson
<i>Varaformaður</i>	Hörður Ingi Jóhannsson
<i>Gjaldkeri</i>	Sigríður Klemensdóttir
<i>Ritari</i>	Erla Ívarsdóttir
<i>Meðstjórnandi</i>	Björgvin Björgvinsson
<i>Varamenn:</i>	Ásgrímur Helgi Einarsson Magnús Reynisson Theodóra Ólafsdóttir

---

## SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson  
Pétur Helgason

Til vara: Sirrý Hrönn Haraldsdóttir  
Hjalti Ástbjartsson

---

## NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

<b>Aganefnd</b>	Guðný Gunnarsdóttir <i>form.</i> Gylfi Ástbjartsson Ómar Kristjánsson Sigríður Klemensdóttir	<b>Unglinganefnd</b>	S. Unnur Vilhjálmsd. <i>form.</i> Erla Ívarsdóttir Theodóra Ólafsdóttir Elísa Magnúsdóttir
<b>Laga- og leikreglnanefnd</b>	Þórir Ingvarsson <i>form.</i> Haraldur Sigursteinsson Valgeir Guðbjartsson	<b>Upplýsinganefnd</b>	Ásgrímur H. Einarsson <i>form.</i> Þórhallur Hálfðánarson
<b>Mótanefnd</b>	Þórhallur Hálfðánarsson <i>form.</i> Árni Geir Ómarsson Valgeir Guðbjartsson Guðmundur Sigurðsson	<b>Landsliðsnefnd:</b>	Sigríður Klemensdóttir <i>form.</i> Theodóra Ólafsdóttir Valgeir Guðbjartsson
<b>Tækninefnd</b>	Ásgrímur H. Einarsson <i>form.</i> Valgeir Guðbjartsson	<b>Kerfisstjóri</b>	Ásgeir Þór Þórðarson
		<b>Landsliðsþjálfari</b>	Theodóra Ólafsdóttir



## INNGANGUR

Nú á 9. ársþingi Keilusambandsins og þegar 10 ára afmæli sambandsins nálgast þá lítum við um öxl og förum yfir liðin ár.

Fyrstu ár sambandsins var mikill uppgangur í íþróttinni, liðum fjölgaði jafnt og þétt í deildakeppni, keila var orðið vikulegt sport í sjónvarpi og umfjöllun þó nokkur í öðrum fjölmiðlum. Síðustu 4–5 ár þá hefur verulega hallað á ógæfuhliðina og tel ég að botninum hafi verið náð á árinu 2001, deildarliðum hafði fækkað um helming, og var þá sama hvort var litið fjölda kvenna- eða karlaliða. Íslandsmót í tvímenni var blásið af vegna ónógrar þátttöku og einnig Reykjavíkurmót liða í karlaflokki.

Á síðasta tímabili, og þá sérstaklega um eða eftir síðustu áramót, teljum við að þessi þróun hafi stöðvast og við munum sjá bjartari tíma. Þetta merkjum við á t.d. meiri fjölda í mótum á vegum Keilusambandsins heldur en um langan tíma þ.e. Íslandsmóti einstaklinga og para, einnig hefur þetta komið fram í aukinni þátttöku í unglingsmótum, þar hjálpar einnig að sl. haust opnaði keilusalur á Akranesi og hefur þar verið mikil aukning í þátttöku unglings í keilu. Áframhald gæti orðið á þessu á næstu misserum því staðfest hefur verið að nýr keilusalur verður opnaður í Grafarvogi í tengslum við íþróttamiðstöð sem er þar að rísa, opnun er reyndar ekki fyrirhuguð fyrr en liður að næsta ársþingi KLÍ þannig að þeirrar aukningar mun ekki gæta á næsta tímabili.

Á síðasta tímabili hefur umfjöllun fjölmiðla aukist frá því sem hefur verið síðastliðin ár og er það vel, viljum við þakka því að hluta að samkomulag náðist við Íslenska Getspá um að leikir úr 1d. karla væru á Lengjunni, ennfremur náðist samkomulag við Bylgjuna um að dráttur í bikarkeppni KLÍ færi fram í beinni útsendingu og fékk það verðskuldaða athygli, vonandi verður framhald á þessu á næsta tímabili.

Á síðasta ári var leitað til fyrirtækja um þátttöku í svokallaðri fyrirtækjadeild, og tókst það framfar vonum, þessi keppni var kynnt í frekar þröngum hópi fyrirtækja, en þegar upp var staðið þá hafði náðst að skrá 18 fyrirtæki sem hafa keppt í liðakeppni einu sinni í mánuði, við þetta telur KLÍ að náðst hafi til ákveðins hóps “keilara” sem eru ekki tilbúnir að mæta og keppa í Íslandsmótum en hafa áhuga á íþróttinni og vilja stunda hana reglulega, í fyrirtækjadeildinni hafa nú á þessu tímabili keppt um eða rúmlega 100 keilarar sem eru ekki á skrá yfir keppendur í íþróttinni og eru að öllu jöfnu ekki skráðir í keilufélög.

Á síðasta ári náðu landslið og landsliðsfólk KLÍ frábærum árangri í þeim landskeppnum sem haldnar voru, t.d. náði 5 manna lið karla 3. sæti á Norðurlandamóti sem haldið var í Noregi, 5 manna lið pilta náði sama árangri í Norðurlandamóti unglings sem haldið var í Danmörku og síðan ber að nefna þann árangur sem náðist á Evrópumótinu sem haldið var í Danmörku sl. sumar. Þar náði Magnús Magnússon þeim frábæra árangri að verða í 3. sæti í einstaklings-keppninni og var lengi vel í “topp 10” í meistara-keppninni en hún samanstendur af samanlögðum árangri keppenda í öllum greinum sem keppt er í. Ennfremur náði Elín Ólafsdóttir þeim árangri að verða í 9.–10. sæti í einstaklingskeppni kvenna og í liðakeppni náði kvennaliðið 8. sæti. Á þessu móti þá voru keppendur frá 35 þjóðum í Evrópu þannig að ekki var ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur, þess má geta að í framhaldi af þessu þá veitti Reykjavíkurborg keilurum og keilufélögum viðurkenningar fyrir frábæran árangur á síðastliðnu ári.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

---

Á síðastliðnu starfsári hélt stjórn KLÍ 15 stjórnarfundum og síðan hafa ýmsar nefndir haft ótalda fundi eins og þörf kallar, á næsta starfsári mun KLÍ halda upp á 10 ára afmæli sitt og verður ýmislegt gert í tengslum við það, t.d. fær heimasíða sambandsins andlitslyftingu og nýja slóð: [www.kli.is](http://www.kli.is), haldið verður mót með haustinu þar sem munu verða meðal þátttakenda erlendir keppendur sem haldið hafa merki keilunnar á lofti um víða veröld.

Samningar við íþróttavörufyrirtæki vegna búninga á landslið eru á lokastigi og verða kynntir síðar, ennfremur samningar við stuðningsaðila sem munu styðja við bakið á Keilusambandinu og verða þessir samningar allir bundnir í 2–3 ár.

Valgeir Guðbjartsson  
formaður KLÍ



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá átta félögum frá fjórum héraðssamböndum. Samkvæmt eldri upplýsingum frá ÍSÍ sem fengnar eru úr kennsluskýrslum þá er um að ræða töluverða fækkun síðastliðin ár. Það er líka ljóst að almennir iðkendur í keilu eru miklu mun fleiri en skráðir eru hjá keilufélögunum og má segja að það ætti að vera takmark keilufélaganna/-deildanna að nálgast þessa iðkendur.

Tafla 1, Keilufélög og deildir, fjöldi iðkenda skv. kennsluskýrslum til 1998 og fjöldi keppenda frá árinu 1998 skv. KLÍ

Félag / Keiludeild	Íþr. Bandalag	Stofnað	Iðkendur 1996	Iðkendur 1997	Iðkendur 1998	Keppendur 1999	Keppendur 2000	keppendur 2001
<b>Samtals</b>			<b>651</b>	<b>511</b>	<b>436</b>	<b>422</b>	<b>307</b>	<b>272</b>
<b>KFR</b>	ÍBR	10. sept. 85	197	212	177	159	148	<b>143</b>
<b>KR</b>	ÍBR	27. júní 90	57	64	37	46	24	<b>16</b>
<b>ÍR</b>	ÍBR	1994	129	133	58	58	47	<b>57</b>
<b>Fylkir</b>	ÍBR	1994	7	7	5	6	7	<b>6</b>
<b>ÍFH</b>	ÍBR	1994	–		9	8	3	
<b>Ösp</b>	ÍBR		12					
<b>KSÁÁ</b>	ÍBR	1997			8	12	5	
<b>HK</b>	UMSK	1994	13	13	20	17	11	<b>11</b>
<b>KGB</b>	UMSK	25. maí 89	35	49	27	27	24	<b>17</b>
<b>Keflavík</b>	ÍRB	1995	50	33	39	73	41	<b>8</b>
<b>KFS</b>	ÍRB	31. júlí 89	151		34			
<b>KFA</b>	ÍA	1997			19	16	6	<b>8</b>

### KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, 18 brautir.
- Keila í Mjódd, 10 brautir.
- Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.

### VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilarar ársins 2001 voru að þessu sinni tveir, í kvennaflokki var **Elín Óskarsdóttir KFR** valin keilari ársins. Í karlaflokki var **Magnús Magnússon KR** keilari ársins. Elín og Magnús voru bæði Íslandsmeistarar einstaklinga 2001, ásamt því að hafa staðið sig frábærlega fyrir sín félagslið svo og í landskeppnum á undanförunum árum.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

---

### REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu 163 keilarar í deildarkeppninni í samtals 27 liðum og við höldum Íslandsmót einstaklinga með og án forgjafar með 72 þátttakendum. Þetta er fækkun um 17 keilara bæði í deild og einstaklingsmótinu miðað við fyrra ár. Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Meistarakeppni KLÍ í september
  - Íslandsmót 4ra manna liða í október – apríl
  - Íslandsmót para í janúar
  - Íslandsmót einstaklinga í febrúar
  - Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í febrúar
  - Bikarkeppni liða í október – apríl
  - Meistarakeppni ungmenna í október – mars
  - Íslandsmót unglunga í janúar
- 

### ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2001

Þátttaka reyndist ekki næg til að halda mótið.

---

### MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i> 1. sæti	KLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Flakkarar, KFR
2. sæti	Keilugarpar, KFR	2. sæti	Afturgöngurnar, KFR

---

### ÍSLANDSMÓT PARA

Mótið var haldið í janúar 2002. Þátt tóku 18 pör.

1. sæti Elín Óskarsdóttir KFR og Freyr Bragason KFR – **Íslandsmeistarar para 2002**
  2. sæti Sigfríður Sigurðardóttir KR og Björn G. Sigurðsson KR
  3. sæti Dagný E. Þórisdóttir KFR og Steinþór G. Jóhannsson KFR
- 

### BIKARKEPPNI LIÐA 2001-2002

<i>Karlar:</i> 1. sæti	PLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Flakkarar, KFR
2. sæti	ÍR a, ÍR	2. sæti	Valkyrjur, KFR

---



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## ÍSLANDESMÓT DEILDARLIÐA 2001-2002

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2001-2002

Félag	1. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	Samtals '01-'02	Samtals '00-'01	Samtals '99-'00	Samtals '98-'99
KFR	5	4	4	<b>13</b>	<b>17</b>	19	19
KGB	-	-	1	<b>1</b>	<b>2</b>	3	4
KR	1	2	-	<b>3</b>	<b>4</b>	4	4
KFS	-	-	-	-	-	-	4
Keflavík	-	1	-	<b>1</b>	<b>2</b>	6	5
ÍFH	-	-	-	-	-	-	1
HK	-	-	1	<b>1</b>	<b>2</b>	2	3
ÍR	1	3	2	<b>6</b>	<b>6</b>	7	8
Fylkir	-	1	-	<b>1</b>	<b>1</b>	1	1
KSÁÁ	-	-	-	-	-	1	1
KFA	-	1	-	<b>1</b>	<b>1</b>	1	1
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>12</b>	<b>8</b>	<b>27</b>	<b>35</b>	<b>44</b>	<b>51</b>

### Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

- 1. deild kvenna:** 1. sæti **Flakkarar KFR** **Íslandsmeistarar liða 2002**  
2. sæti Valkyrjur KFR  
3. sæti Afturgöngurnar KFR  
4. sæti ÍR-TT

*Deildarmeistarar 1. deildar:* Flakkarar KFR

- 1. deild karla:** 1. sæti **Lærlingar, KFR** **Íslandsmeistarar liða 2002**  
2. sæti PLS, ÍR  
3. sæti KR a, KR  
4. sæti KLS, ÍR

*Deildarmeistarar 1. deildar:* Lærlingar, KFR

Úr 1. deild féllu KFA, ÍA (11. sæti) og Keiluvínir, Fylki (12. sæti).

- 2. deild karla:** 1. sæti **ET, KFR** **Íslandsmeistarar 2. deildar**  
2. sæti JP-Kast, KFR  
3. sæti Úlfarnir, KFR





## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk sunnudaginn 17. febrúar 2002. Keppt var í karla og kvennaflokki.

Alls tóku 49 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 13. febrúar 2002, 39 í karlaflokki og 10 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Hollandi í byrjun september n.k. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegarnir voru eftirtaldir:

#### Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Elín Óskarsdóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna 2002**
2. sæti Sigfríður Sigurðardóttir, KR
3. sæti Dagný E. Þórisdóttir, KFR

#### Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Ásgeir Þ. Þórðarson, ÍR - Íslandsmeistari karla 2002**
2. sæti Halldór R. Halldórsson, ÍR
3. sæti Steinþór G. Jóhannsson, KFR.

### ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf lauk sunnudaginn 24. febrúar 2002. Keppt var í karla og kvennaflokki.

Alls tóku 28 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 21. febrúar 2002, 13 í karlaflokki og 15 í kvennaflokki.

Sigurvegarnir voru eftirtaldir:

#### Kvennaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Sólveig Guðmundsdóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2002**
2. sæti Ágústa Þorsteinsdóttir, KFR
3. sæti Sigríður Klemensdóttir, ÍR

#### Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Hafþór Harðarson, KFR - Íslandsmeistari karla með forgjöf 2002**
2. sæti Ásgeir S. Halldórsson, ÍR
3. sæti Bjarni Jóhannsson, KFA

### Verðlaunadreifing á milli félaga í Íslandsmótum einstaklinga með og án forgjafar varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '02	Samt. '01	Samt. '00
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	3	1	2	7	4	4
ÍR – Keiludeild ÍR	1	2	1	3	-	1
KR – Keiludeild KR	-	1	-	1	2	3
KFA – Keilufélag Akraness	-	-	1	1	-	-
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	-	-	-	-	1
HK – Keiludeild HK	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>12</b>	<b>6</b>	<b>9</b>



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## Dreifing keppenda í Íslandsmóti einstaklinga með og án forgjafar

Keilufélag	Ka'02	Ko '02	Samt.'02	Ka'01	Ko '01	Samt.'01	Ka '00	Ko '00	Samt.'00
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	18	16	21	9	12	21	13	10	23
ÍR – Keiludeild ÍR	17	4	15	12	3	15	8	-	8
KR – Keiludeild KR	8	1	7	6	1	7	10	-	10
KFS – Keilufélag Suðurnesja	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KEF – Keiludeild Keflavíkur	1	-	2	2	-	2	-	2	2
HK – Keiludeild HK	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KGB – Keilufélag Garðabæjar	2	-	1	1	-	1	-	-	-
ÍFH – Íþróttaf. heyrnarlausra	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	4	1	1	1	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>50</b>	<b>22</b>	<b>72</b>	<b>31</b>	<b>16</b>	<b>47</b>	<b>31</b>	<b>12</b>	<b>43</b>

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2002

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 10. mars 2002.

Alls kepptu 32 unglingar í fjórum flokkum pilta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '02	St. '02	Hlutf.dreif' 02	Dr. '01	St. '01	Hlutf.dreif' 01	Dr.'00	St.'00	Hlutf.dreif' 00
KFR 16	13	3	50 %	15	2	89 %	8	1	60 %
KEF 2	2	-	6 %	2	-	11 %	2	2	26 %
ÍR 8	4	4	25 %	-	-	-	-	-	-
KFA 6	3	3	19 %	-	-	-	-	-	-
KR	-	-	-	-	-	-	2	-	14 %
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>10</b>	<b>32</b>	<b>17</b>	<b>2</b>	<b>19</b>	<b>12</b>	<b>3</b>	<b>15</b>

1. og 2. flokkur léku 18 leiki í forkeppni en 3. og 4. flokkur léku 12 leiki.

Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllu mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 02	Silfur 02	Brons 02	Samtals 02	Gull 01	Silfur 01	Brons 01	Samt. 01	Gull 00	Silfur 00	Brons 00	Samt. 00
KFR	4	4	4	12	6	6	4	16	6	2	2	10
KEF	2	1	0	3	2	-	1	3	1	3	2	6
ÍR	1	2	2	5	-	-	-	-	-	-	-	-
KFA	3	2	1	6	-	-	-	-	-	-	-	-
KR	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	1
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>7</b>	<b>26</b>	<b>8</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>19</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>17</b>

## Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

### PILTAR:

1. fl. **Eiríkur Arnar Björgvinsson** KEF  
Atli Þór Annelsson KEF  
Gústaf Smári Björnsson KFR

2. fl. **Hafþór Harðarson** KFR  
Árni Þór Finnsson KFR  
Sigurður Þ. Guðmundsson KFA

### STÚLKUR:

1. fl. **Hrafnhildur Harðardóttir** KFA  
Elísabet Rut Heimisdóttir KFA

2. fl. **Kristín Magnúsdóttir** KFR



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

3. fl.	<b>Bjarni Páll Jakobsson</b>	<b>KFR</b>	3. fl.	<b>Birgitta Þóra Birgisdóttir</b>	<b>KFA</b>
	Stefán Claessen	ÍR		Kristín Ása Brynjarsdóttir	KFR
	Ásgeir Erlendsson	KFR		Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR
4. fl.	<b>Andri Már Ólafsson</b>	<b>KFR</b>	4. fl.	<b>Linda Björk Gunnarsdóttir</b>	<b>ÍR</b>
	Daníel Hauksson	KFR		Ástrós Pétursdóttir	ÍR
	Anton B. Sigfússon	ÍR			

## Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglinga í Opnum flokki

<b>Eiríkur Arnar Björgvinsson</b>	<b>KEF</b>
Árni Þór Finnsson	KFR
Hafþór Harðarson	KFR

## Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglinga í Opnum flokki

<b>Hrafnhildur Harðardóttir</b>	<b>KFA</b>
Birgitta Þóra Birgisdóttir	KFA
Kristín Magnúsdóttir	KFR

## MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2001–2002

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og eru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt eru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lendir. Leikmaður safnar stigum og eftir allar umferðirnar kemur í ljós hver verður „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki. Ekki eru veitt verðlaun yfir allt árið nema að keppandi hafi keppt meira en helming umferða.

Í vetur kepptu 49 piltar og 15 stúlkur eða alls 64 unglingar, sem var metþátttaka og fóru öll mótin fram í Keilu í Mjódd.

Keppt var í þremur aldurshópum,

1. flokkur:	19 – 20 – 21 – 22 ára	f. 1979–1982	(6 leikir)	4 piltar + 4 stúlkur
2. flokkur:	15 – 16 – 17 – 18 ára	f. 1983–1986	(6 leikir)	15 piltar + 3 stúlkur
3. flokkur:	11 – 12 – 13 – 14 ára	f. 1987–1990	(3 leikir)	30 piltar + 8 stúlkur

### 1. fl. pilta (1979–1982)

1.sæti	<b>Steinþór G. Jóhannsson</b>	<b>KFR</b>	<b>58</b>
2.sæti	Þórhallur Hálfðánarson	ÍR	39
3.sæti	Hjörvar Ingi Haraldsson	KFR	28

### 2. fl. pilta (1983–1986)

1.sæti	<b>Gústaf Smári Björnsson</b>	<b>KFR</b>	<b>56</b>
2.sæti	Eiríkur A. Björgvinsson	KEF	48
3.sæti	Hafþór Harðarson	KFR	41

### 3. fl. pilta (1987–1990)

1.sæti	<b>Árni Þór Finnsson</b>	<b>KFR</b>	<b>60</b>
2.sæti	Egill Sigþórsson	KFR	45
3.sæti	Bjarni Páll Jakobsson	KFR	44

### 1. fl. stúlkna (1979–1982)

1.sæti	<b>Dagný Edda Þórisdóttir</b>	<b>KFR</b>	<b>58</b>
2.sæti	Jóna Kristbjörg Þórisdóttir	KFR	45
3.sæti	Matthildur Gunnarsdóttir	KFR	45

### 2. fl. stúlkna (1983–1986)

1.sæti	<b>Kristín Magnúsdóttir</b>	<b>KFR</b>	<b>60</b>
2.sæti	Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR	41
3.sæti	Karen Rut Sigurðardóttir	ÍR	35

### 3. fl. stúlkna (1987–1990)

1.sæti	<b>Kristín Magnúsdóttir</b>	<b>KFR</b>	<b>60</b>
2.sæti	Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR	41
3.sæti	Karen Rut Sigurðardóttir	ÍR	35

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2001–2002

Þátttaka liða reyndist ekki næg til að halda mótið.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu tímabili var tekið þátt í 2 landskeppnum. Í júní var Evrópukeppni landsliða í Álaborg í Danmörk, í september fóru Íslandsmeistararnir á Evrópubikarmót einstaklinga í Moskvu í Rússlandi.

#### EVROPUMÓT LANDSLIÐA

Evrópumót landsliða fór fram í Álaborg í Danmörku 11. til 24. júní 2001. Þátttakendur voru landslið karla og kvenna frá tuttugu og sjö þjóðum. – keppt var í einliðaleik, tvímenning, þrímenning og fimm manna liðum, að lokum var keppt í meistarakeppni þ.e. efstu 24 kk og kvk úr allri keppninni.

Bæði var sent karla og kvenna lið til þáttöku á mótinu, liðin voru skipuð sem hér segir:

*Kvennalandslið:* Dagný Edda Þórisdóttir, Elín Óskarsdóttir, Jóna Kristbjörg Þórisdóttir, Jóna Gunnarsdóttir, Sigfríður Sigurðardóttir og Sólveig Guðmundsdóttir.

*Karalandslið:* Árni Geir Ómarsson, Björn Birgisson, Freyr Bragason, Ívar G. Jónasson, Magnús Magnússon og Steinþór G. Jóhannsson.

Í karlaflokki varð helsti árangur sem hér segir:

Í einstaklingskeppninni náði Magnús Magnússon þeim frábæra árangri að verða í 3. sæti, í tvímenningi náðu þeir Freyr og Magnús 21. sæti, í þrímenning náðist 27. sæti og í 5manna liðum náðist 13. sæti. Eftirfarandi er árangur einstakra leikmanna:

Röð:	Nafn:	Einstakl.	Tvím.	Þrím.	5m.lið	Heild	Meðaltal
21.	Magnús	1402	1304	1210	1169	5085	212
48.	Freyr	1268	1162	1262	1205	4897	204
62.	Steinþór	1243	1154	1164	1249	4810	200
82.	Björn	1239	1239	1063	1167	4708	196
113.	Árni	1063	1139	1189	1101	4492	187
125.	Ívar	1177	1020	1050	1044	4291	179

Í kvennaflokki varð helsti árangur sem hér segir:

Í einstaklingskeppninni þá náði Elín Óskarsdóttir þeim árangri að verða í 9-10. sæti, í tvímenningi náðu þær Jóna Gunnars og Elín 21. sæti, í þrímenning náðist 13. sæti og í 5 manna liðum náðist 8. sæti.

Röð:	Nafn:	Einstakl.	Tvím.	Þrím.	5m.lið	Heild	Meðaltal
27.	Elín	1296	1255	1166	1053	4770	199
40.	Dagný	1127	1123	1163	1221	4634	193
58.	Jóna G.	1152	1124	1125	1079	4480	187
72.	Sigfríður	986	1121	1152	1102	4361	182
75.	Sólveig	1110	1016	1118	1104	4348	181
81.	Jóna Kr.	1039	1121	1027	1044	4231	176

Með liðunum fóru Valgeir Guðbjartsson, formaður KIÍ og þjálfarinn Theódóra Ólafsdóttir.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

---

### EVROPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga, sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða, fór fram í Moskvu í Rússlandi 3. til 10. september 2001. Þátttakendur voru landsmeistarar frá þrjátíu og einni þjóð auk sigurvegara frá því 2000.

Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistararnir 2001, Elín Óskarsdóttir KFR og Magnús Magnússon KR. Elín endaði í 14. sæti með 186,91 stig að meðaltali. Magnús endaði í 17. sæti með 195,00 að meðaltali í mótinu.

Með Elínu og Magnúsi fór landsliðsþjálfarinn Theódóra Ólafsdóttir.

### SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna fór fram í Kaupmannahöfn 27.-28. október 2001 og fóru Valgeir Guðbjartsson og Theódóra Ólafsdóttir á fundinn. Þar var fjallað um starfsemi keilusambandanna, samstarf Norðurlandanna, sambandið við alþjóðasamtökin og hvað væri helst á döfinni. Fjallað var m.a. um Norðurlandamótin, og til þess að bjarga þeim frá því að verða lögð niður þá var samþykkt tillaga sem miðar að því að gera þessi mót ódýrari og jafnframt því þá verði fullorðinsmótin gerð að mótum fyrir yngri spilara þ.e. fyrir spilara 23 ára og yngri nema 2 spilarar í frá hverri þjóð kvk og kk mega vera allt að 26 ára, þó með undanþágu fyrir Ísland í þeim tilfellum þar sem ekki eru til spilarar til að manna viðkomandi aldursflokka. Næsti fundur verður haldinn á Íslandi sumarið 2002.